

- 113** síðar kunna til að koma, og eiga rót sína í félagsskap þeim, sem hingað til hefir átt sér stað milli hinna nýjn hreppa.
25. ág.
3. Aðskilnaður hreppanna skal fram fara þegar er hreppsnefndir hafa verið kosnar í hvorum hinna nýju hreppa, og skulu vera 3 hreppsnefndarmenn í hvorum þeirra, en þær skulu síðan framkvæma skiftinguna á eignum, skuldum og sveitarþyngslum, en verði ágreiningur út af skiftingunni, skal úr honum skorið af sýslunefnd, er einnig skal kveða á um fjallskil og afrétti.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til frekari aðgerða og birtingar, að því viðbættu, að með framangreindri fyrirskipan er engin breyting gerð á hinum forna Skriðuhreppi, sem dómpinghá né manntalspinghá.

- 114** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Suður-Múlasýslu um breyting á ákvæðunum um skifting Fáskrúðsfjarðarhrepps.
26. ág.

Með bréfi, dags. 6. f. m., hafið þér, herra sýslumaður, sent hingað ánýjaðar tillögur sýslunefndar Suður-Múlasýslu útaf erindi, sem nefndinni hefir borist frá hreppsnefndum Búðahrepps og Fáskrúðsfjarðarhrepps um breyting á ákvæðum þeim, sem sett eru í bréfi stjórnarráðsins, dags. 22. maí 1907, um skifting hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps í hina tvo nefndu hreppa.

Útaf þessu er hérmeð, samkvæmt sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905, gerð svofeld breyting á reglum þeim, sem settar eru í framannefndu bréfi stjórnarráðsins undir 2. tölul., um skifting eigna, skulda og sveitarþyngsla, að þeim sveitföstum íbúum hins forna Fáskrúðsfjarðarhrepps, sem eigi höfðu þegið sveitarstyrk áður en honum var skift, en síðar verða styrksþurfar, skuli framfleytt af þeim hinna nýju hreppa, sem þeir áttu heimilisfang í, er skiftin fóru fram.

Þetta er yður hérmeð til vitundar gefið til leiðbeiningar, frekari aðgerða og birtingar.

- 115** Bréf stjórnarráðsins til sýslumannsins í Skaftafellssýslu um hlunnindi fyrir sparisjóð Nesjahrepps.
23. sept.

Útaf beiðni, s m hingað hefir borist frá formanni sparisjóðs Nesjahrepps, Þórhalli Danielssyni kaupmanni í Höfn í Hornafirði, vill stjórnarráðið hérmeð veita nefndum sjóði um 5 ár frá 1. jan. næstkomandi hlunnindi þau, sem ræðir um í tilskipun 5. jan. 1874, um hlunnindi nokkur fyrir sparisjóði á Íslandi, með þeim skilyrðum, að eigi rýrni trygging sú, sem nú er fyrir því, að sjóðurinn standi í skilum, að ákvæðanna um reikningsskil í lögum sjóðsins verði nákvæmlega gætt og að stjórnarnefnd sjóðsins sendi hingað á ári hverju endurrit af árs-

reikningi hans í fyrirskipuðu formi. Svo ber og að senda hingað skýrslu um hverja þá breytingu, er verða kann á lögum sjóðsins. **115**
23. sept.

Þetta er yður, herra sýslumaður, til vitundar gefið til birtingar fyrir stjórnarnefnd sparisjóðsins.

Bréf stjórnarráðsins til bæjarstjórna, prófasta og sóknarpresta um manntal 1910. 116

7. okt.

Ráðherrann hefir samkvæmt konungsráðsúrskurði 3. sept. 1898 ákveðið, að manntal skuli fara fram um allt Ísland hinn 1. desembermánaðar næstkomandi, verður manntalið tekið eftir kaupstöðum og sóknum. og ber hverri bæjarstjórn að gangast fyrir því í kaupstaðnum, og hverjum prest í sókn sinni, eða sóknum sínum, að manntalið verði tekið, og nákvæmar skýrslur samdar eftir þeim fyrirmyndum, sem sendar eru út. Á skýrslurnar skal setja hvern þann mann, sem nefndan dag eða aðfaranótt hans hefir verið á hverju heimili í hverri sókn á öllu landinu. Hreppstjórar, hreppsnefndarmenn og aðrir sóknarbændur, sem presturinn kveður til þess, eru skyldir til að taka manntalið, og semja skýrslur þessar svo nákvæmlega, sem frekast er audið fyrir hverja kirkjusókn eftir nákvæmri leiðbeiningu prestsins. Síðan ber prestinum að semja skrár eftir manntalsskýrslunum samandregnar eftir þeim reglum, sem prentaðar eru á 2. og 3. síðu, á eyðublöðum þeim, sem ætluð eru undir sóknarskrár þessar, og að því búnu senda prófasti bæði sóknarskrárnar, teljaraskrárnar og manntalsskýrslurnar, en próföstum ber síðan að senda allar skýrslurnar til stjórnarráðsins, ásamt þeim skráum og skýrslum, sem gerðar verða fyrir þeirra eigin sóknir.

Í kaupstöðunum ber bæjarstjórnunum að sjá um að manntalið fari fram hinn tiltekna dag, þeim ber að útvega nógu marga teljara, skifta bænum í hverfi milli þeirra, sjá um að enginn maður og ekkert heimili falli burt úr manntalinu, og að enginn maður eða heimili verði tvítalið. Jafnframt er þeim skylt, þegar allar skýrslurnar eru útfyltar, að bera sig saman við hlutaðeigandi sóknarpresta, til þess að komast fyrir um það, að ekkert hús eða heimili, sem kann að standa á takmörkum kaupstaðarins, sem bæjarstjórnin lætur telja í, og sóknarinnar, sem presturinn lætur telja í (en sem liggur utan við kaupstaðinn) hafi fallið burtu, eða hafi talist tvisvar, og hann geti tekið aðaltölurnar inn í manntalið úr sókninni. Þegar samanburðurinn við sóknarprestana er búinn, senda bæjarstjórnirnar hver fyrir sig allar hinar útfyltu skýrslur beina leið til stjórnarráðsins.

Skyldi svo takast til einhversstaðar, að ómögulegt reyndist að telja fólkið á einhverjum heimilum hinn 1. dag desembermánaðar, þá ber að sjálfsögðu að taka manntalið eins fljótt og audið er þar á eftir, en miða skýrslurnar við það, er var 1. desember, eða aðfaranótt þess dags, til þess að skýrslurnar í heild sinni sýni, hve margir menn í rauu og veru hafi verið á Íslandi 1. desember 1910.

Stjórnarráðið sendir yður hér með: